

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð um opnunartíma lyfjabúða nr. 30/1983.

1. gr.

Við fyrstu grein bætist nýr svohljóðandi töluliður:

„1.5. Ráðuneytið getur, ef sótt er um það sérstaklega, heimilað lyfjabúðum að hafa opið umfram almennan afgreiðslutíma, sbr. tl. 1.1., svo sem hér segir:

Mánudaga til fimmtudaga	kl. 9(10) — 19
Föstudaga	kl. 9(10) — 20
Laugardaga	kl. 9(10) — 16“

2. gr.

Töluliður 1.5. í 1. gr. verður 1.6.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 20. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76 21. maí 1982, öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. desember 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Ingolf J. Petersen.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Reykjavík.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

2. gr.

Með almannafæri er í samþykktinni átt við götur og svæði, ætluð til almenningsnota. Ákvæðin um almannafæri gilda einnig eftir því sem við á um aðra staði, sem opnir eru almenningi, verslanir, veitingastaði, bifreiðastöðvar, biðskýli, söfn o. fl.

3. gr.

Uppþot, áflog, óspektir, eða önnur háttsemi, sem raskar allsherjarreglu, má ekki eiga sér stað á almannafæri, og ekki mega menn þyrpast þar saman, ef það truflar umferð eða veldur vegfarendum öðrum óþægindum.

Enginn má sýna öðrum áreitni á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmilega háttsemi.

4. gr.

Lögreglustjóri getur bannað notkun hátalara, hljómflutningstækja, hljóðfæra eða annars þess háttar á eða við almannafæri, ef ástæða er til að ætla að hún valdi ónæði eða truflun.